



## Gunnhildur íþróttamaður ársins árið 2019



HSH stóð fyrir verðlaunaafhendingu síðastliðinn föstudag þar sem þeir einstaklingar á Snæfellsnesinu sem þóttu skara fram úr á sviði íþróttá á árinu 2019 voru verðlaunaðir.

Körfuknattleikskonan Gunnhildur Gunnarsdóttir hlaut útnefninguna "Íþróttamaður HSH árið 2019" en hún var jafnfram

valin besti körfuboltaleikmaður ársins. Gunnhildur er vel að sigrinum komin enda meðal bestu leikmanna landsins undanfarin ár. Hún leikur með Snæfelli og á að baki 36 A landsleiki fyrir Ísland.

Ári Bergmann úr Stykkishólmi var valinn frjálsíþróttamaður ársins. Hann stóð sig vel á árinu og kepptitil aðmyndaámótí Svíþjóð.

Aðalheiður Lára Guðmundsdóttir var skotíþróttamaður HSH árið 2019. Hún átti afar gott ár og vann alls til 31 verðlauna á þeim mótum sem hún keppti á árið 2019.

Siguroddur Pétursson, knapi hestamannafélagsins Snæfellinga, var valinn íþróttamaður ársins í hestaíþróttum. Hann vann Vesturlandsdeildina þriðja árið í röð og tók jafnframt þátt í meistaradeildinni í hestaíþróttum þar sem þeir bestu á landsvísi keppa.

Emir Dokara var valinn knattspyrnumaður HSH. Emir, sem er frá Bosníu, er fyrirliði Víkings Ó. og hefur hann leikið með liðinu síðan 2011. Hann fékk

íslenskan ríkisborgararétt árið 2018. Sigurbór Jónsson var valinn kylfingur ársins 2019 en hann er á lista yfir 50 bestu kylfinga á Íslandi. Þá var Margrét Helga Guðmundsdóttir valin blak kona ársins en hún keppir með liði UMFG.

Að lokum var Vinnuþjarkur HSH valinn en það var stjórn körfuknattleiksdeildar Snæfells sem hlaut útnefninguna að þessu sinni fyrir góð störf í þágu körfuboltans í Stykkishólmi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá Gunnhildi, íþróttamann ársins, ásamt öðrum verðlaunahöfum. Sumarliði Ásgeirsson tók myndirnar.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is    vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

# Þjónustuíbúðakjarni fyrir fatlaða rís á Snæfellsnesi

Á næstunni stendur til að rífa húsinn sem standa við Ólafsbraut 62 og 64 í Ólafsvík. Á lóðunum verða þjónustuíbúðaúrræði fyrir fatlaða.

Í samtali við Jökul segir Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður Félags- og Skólaþjónustu Snæfellinga, að þarna muni rísa þjónustuíbúðakjarni fyrir fatlaða einstaklinga á Snæfellsnesinu. Þar verða íbúðir fyrir fimm einstaklinga auk rýmis fyrir starfsfólk en alls verður þetta um 440 fm bygging.

Sveinn segir ennfremur að undanfarnir tvö ár hafi sérstakur rýnihópur FSS heimsótt ýmsa þjónustuíbúðakjarna víðsvegar um landið til þess að fá hugmyndir um hvernig best sé að haga framkvæmdunum á Snæfellsnesi. Á endanum hafi hópnum litist best á þjónustuíbúðir sem AVH, arkitekta og verkfræðistofan hafi hannað og sú stofa var því ráðin til að hanna íbúðirnar.



Þessa stundina er beðið eftir framkvæmdaleyfi og þegar það er komið verður auglýst eftir útboðum í framkvæmdirnar. Sveinn segir ekki hægt að fullyrða um það að svo stöddu hvenær fyrirhugðum framkvæmdum á að ljúka og íbúðirnar verða tilbúnar til notkunar en segir þó að reynt verði að vinna verkið eins hratt og örugglega og hægt er.

## Fjölmenni á Kúttmagakvöldi



## Íbúafjöldi á Snæfellsnesi stendur í stað

Íbúafjöldi á Snæfellsnesinu hefur staðið í stað síðastliðinn 50 ár miðað við nýja skýrslu sem unnin var af KPMG fyrir SSV. Skýrslan heitir "Atvinnulíf á Vesturlandi 2040"

Alls voru 3.997 íbúar á Snæfellsnesi árið 1970. Þeim fjölgaði svo nokkuð næstu tuttugu árin en hefur síðan farið fækkandi. Í dag búa 3.920 einstaklingar á Snæfellsnesi.

Þegar rýnt er í tölurnar má sjá að flestir búa í Snæfellsbæ eða 1.674 íbúar. Þar á eftir kemur Stykkishólmur með 1.201 íbúa og Grundarfjarðarbær með 866 íbúa. 117 manns búa í Eyja og Miklaholtshreppi og í Helga-

fellssveit búa 62 einstaklingar.

Sé þetta skoðað eftir þéttbýliskjörnum er Stykkishólmur með flesta íbúa, 1.201 talsins. Ólafsvík er með 1.000 íbúa og 824 búa í Grundarfirði.

Þetta er svolítið úr takti við þróunina annarstaðar á Vesturlandi en á öllu Vesturlandinu hefur íbúum fjölgað um 17% frá aldamótunum, eða um 2.445 einstaklinga.

Þetta er einungis brot af því sem fram kemur í skýrslunni en nánar verður fjallað um innihald skýrslunnar hér í Jökli á næstu vikum.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ, Grundarfirði, Stykkishólmi, Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppi. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netföng: jokull@steinprent.is  
steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Hið árlega kúttmagakvöld fór fram í félagsheimilinu Röst á Hellissandi nýverið. Kúttmagakvöldið var vel sótt.

Á kúttmagakvöldinu eru meltingarfæri þorskins í hávegum höfð og ófáir, sérstaklega af eldri kynslóðinni, sem kunna vel að meta matinn sem fram er reiddur á kúttmagakvöldi. Mögunum er safnað saman og þeir hreinsaðir áður en þeir eru síðan fylltir fyrir þessa sjávarréttaveislu.

Það var Lionsklúbbur Nes-

þinga, Leikfélag Ólafsvíkur og Slysavarnardeild Helgu Bárðardóttur sem standa að kúttmagakvöldinu en allir eru velkomnir sem náð hafa 60 ára aldri.

Hefð er fyrir því að á kúttmagakvöldi sé stiginn ásadans, dansinum stýrðu þær Jensína Guðmundsdóttir og Ásta Dóra Valgeirsdóttir, á milli þeirra á myndinni eru sigurvegarar ásadansins en það voru þær Svanhildur Pálsdóttir og Jóhanna Kristín Gunnarsdóttir.



# Kuldaboli er kominn á kreik

ENNEINN / SÍA / NM95281

## K2 kuldagalli EN471 CL.3

Vattfóðraður kuldagalli með cordura efni á álagsflötum. Með rennilás á skálmum. Hægt að taka hettuna af.

Litur: Gulur. Stærðir: XS–5XL.

Vnr. 9616 K2 2009



## Dimex kuldagalli

Vattfóðraður kuldagalli með renndum brjóstvösum. Litur: Svartur. Stærðir: S–3XL.

Vnr. 9609 648



## Olympia ullarbolur

Langerma ullarbolur með kraga og rennilás úr merinóull.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.

Vnr. A546 JSB517-16



## Olympia föðurland úr ull

Föðurland úr merinóull. Ekki með klauf.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.

A546 JSB517-21



**35%  
afsláttur**

## Tilboðsverð 14.235 kr. m/vsk

Verð áður 21.900 kr. m/vsk

### Leðurhanskar

Fóðraðir Tegera leðurhanskar með riflás.

Litur: Ljós. Stærðir: 9, 10, 11.



Vnr. 9640 335

### Vettlingar

Hlýir Showa 451 vettlingar með góðu gripi. Ca 25 cm háir.



Vnr. 9658 451

### Lambhúshetta

Lambhúshetta úr flísefni, fóðruð með bómull.

Ein stærð.



Vnr. A421 2

### Dimex húfa

Dimex þrjónahúfa.

Litur: Dökkgrár. Ein stærð.



Vnr. 9609 4260+

### Verðslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448  
Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330  
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293  
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Alltaf til staðar

**N1**

# Markmiðið að styrkja matartengda starfsemi

Þann 24. janúar var stofnfundur Matarklasi Snæfellsness haldinn í Bæringsstofu í Grundarfirði. Þetta er einn liður í því að framfylgja áherslum sem samþykkar voru á fulltrúaráðsfundi Svæðisgarðsins Snæfellsnes í desember. s.l. Markmiðið er að Matarklasinn verði samstarfsvettvangur fyrir matartengd verkefni á Snæfellsnesi.

Á stofnfundinn mættu 15 einstaklingar úr hinum ýmsu geirum tengdum mat og matvælaframleiðslu á Snæfellsnesi, t.d. veitingarekstri, búrekstri, grænmetisrákt og ferðaþjónustu. Lífleg umræða varð um hvernig hægt væri að vinna saman að því að gera snæfellskan mat aðgengilegri fyrir íbúa og stærri eldhús, einnig hvernig fyrirtæki í veitingarekstri og mötuneyti geta samnýtt krafta sína hvað varðar aðstöðu og aðföng. Mikill áhugi er á því að gera mat og auðlindum sem matvælaframleiðsla á svæðinu byggir á, herra undir höfði og biða okkar mörg skemmtileg og áhugaverð verkefni framundan.

Eittslíkt verkefnisemhefurverði full fjármagnað, er Sælkeruferðir um Snæfellsnes sem var kynnt á stofnfundi Matarklasans. Svæðisgarðurinn fékk styrk frá Matarauði Íslands til að vinna þetta verkefni og samstarfsaðilar eru Markaðsstofa Vesturlands og Sagna- seiður á Snæfellsnesi. Aðalmarkmið Sælkeruferða er hönnun matarleiða um Snæfellsnes, fyrir akandi og fótgangandi íbúa og gesti. Með þessum leiðum verða gestum og íbúum svæðisins gefinn kostur á að kynna sér umhverfið og auðlindirnar sem matvælaframleiðsla og vinnsla



á svæðinu byggir á. Rúsínan í pylsuendann er svo að gæða sér á snæfellskum krásum á veitingahúsum sem er að finna allt í kring um Snæfellsnes.

Á fundinum var einnig kynnt námskeiðið Beint frá bát og býli, matvælavinnsla frá A-Ö sem byrjar 1. febrúar og stendur til 4. apríl n.k Um er að ræða samvinnuverkefni Símenntunar Vesturlands, Svæðisgarðsins Snæfellsnes og Markaðsstofu Vesturlands með styrk frá Sóknaráttun Vesturlands og Matarauði Íslands. Mikill áhugi er á þessu verkefni á Snæfellsnesi sem örugglega á eftir að skila okkur aukinni vörubrúnum í mat.

Á myndinni má sjá hluta fundar- gesta ásamt Elínu Guðnadóttur verkefnisstjóra Matarklasi Snæfellsness.

## Bæjarstjórinn með harmonikkuna á lofti



Ritstjórn Jökuls fékk á dög- unum senda skemmtilega mynd sem tekin var í jólateiti sem fram fór í hesthúsi í Stykkishólmi. Þar mátti sjá Jakob Björgvin Jakobs- son, bæjarstjóra Stykkishólms, bregða á leik í góðum félagsskap.

Um er að ræða árlegt teiti sem Sigþór Hallfreðsson og kona hans, Ann Linda, halda ár hvert ásamt Eveline, móður Ann Lindu. Þar koma ættingjar og vinir saman til þess að njóta samverunnar, drekka kakó og kaffi auk þess sem þau gæða sér á afgangum jólanna. Allir eru velkomnir og nær fjórði jafnan hámarki þegar gripið er í hljóðfæri og tónlist er spiluð.

Við ræddum stuttlega við Jakob um þessa hefð. “Ég ólst upp við

mikla tónlist, en þá aðallega í gegnum hljóðfæraleik og söng heimafyrir, sérstaklega á sam- verustundum fjölskyldunnar. Ég kann þess vegna mjög vel við mig í þessu umhverfi.”

Við ræddum einnig við Sig- þór Hallfreðsson sem bauð til veislunnar. “Þetta er í sjötta skiptið sem við gerum þetta. Upp- runalega þælingin var einmitt að húa alla saman í samveru og afganga jólahaldsins. Svo er alltaf gripið í hljóðfæri með og núna var komin einhver sjö manna hljóms- sveit,” segir Sigþór og bætir því við að Jakob bæjarstjóri sé flinkur hljóðfæraleikari.

“Hann er þrusugóður harmoni- kuleikari og kann líka helling á gítar”

## Stýrimaður óskast

Stýrimaður óskast til afleysinga á Sigurborg SH-12 í febrúar og mars.

Upplýsingar gefur Ómar í síma 8478026



**Soffanías Cecilsson hf.**  
Útgerð - Fiskverkun

# Opinn íbúafundur vegna kynningar á hönnun útvistar- og göngusvæða

Snæfellsbær boðar til opins íbúafundar vegna kynningar á hönnun útvistar- og göngusvæða á Hellissandi.

Elízabet Guðný Tómasdóttir, landslagsarkitekt, kynnir hönnun frá Landslag teiknistofu.

Fundurinn verður í húsnæði Grunnskóla Snæfellsbæjar á Hellissandi fimmtudaginn 30. janúar kl. 20:00.

Allir velkomnir !



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is



## Framtíð Breiðafjarðar í brennidepli

Breiðafjarðarnefnd og Náttúrustofa Vesturlandsstöðuá dögunum fyrir fræðslufundaröð um framtíð Breiðafjarðar. Fundir hafa þegar verið haldnir í Grundarfirði, Snæfellsbæ og Stykkishólmi.

Segja má að fundirnir séu eðlilegt framhald af málþingi sem haldið var í október á seinasta ári. Breiðafjarðarnefndin er þeirrar skoðunnar að endurskoða þurfi lög um verndur Breiðafjarðar með það að markmiði að skýra þau og styrkja.

Þá hefur nefndin einnig rætt um ýmsa möguleika og tækifæri fyrir framtíð Breiðafjarðar og tilgangur málþingsins í haust og fræðslufunda núna er að kalla eftir viðbrögðum íbúa, atvinnulífsins, sveitastjórna og annara hagsmunaaðila.

Þá hefur nefndin ekki myndað sér skoðun á því hvaða skref sé best að stíga varðandi framtíð fjarðarins enda vill nefndin fá sjónarmið frá sem flestum áður en ákvörðun um framtíðina verður tekin.



Breiðafjörður er stór fjörður á milli Snæfellsnes og Vestfjarðakjálkans en hann er 125 km langur og um 50 km breiður. Náttúru Breiðafjarðar einkennist af fjölda eyja en talið er að þar séu rúmlega 3.000 eyjur, sker og hólmar.

Jökull Bæjarblað  
 jokull@steinprent.is  
 steinprent@simnet.is  
 436 1617

# Gjaldskrár fasteignagjalda í Snæfellsbæ 2020

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati húsa og lóða í Snæfellsbæ, sem tekur meðal annars mið af stærð þeirra, notkun og lóðarhlutastærð. **Álagningarstofninn er fenginn frá Þjóðskrá Íslands 31. desember ár hvert auk þess sem fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðarmótum eftir að þau eru skráð og metin í Fasteignaskrá.** Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðarmót eftir að mannvirki er afskráð í Þjóðskrá Íslands. Byggingarfulltrúi sendir Þjóðskrá Íslands upplýsingar og gögn um nýbyggingar, viðbyggingar, eldri byggingar sem er breytt, hús sem eru rifin og aðrar víðeigandi upplýsingar. Eigendaskráning húsa og lóða er í höndum Sýslumannsins á Vesturlandi og er hún í samræmi við þinglýst skjöl/gögn. Allar þessar upplýsingar eru notaðar við álagningu fasteignagjalda, leiðréttingar, reikningagerð og innheimtu sem fer fram hjá Snæfellsbæ

## Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A-skattflokkur

Fasteignaskattur – A-flokkur	0,44%	af fasteignamati
Lóðarleiga – A-flokkur	1,80%	af lóðarmati
Vatnsgjald – A-flokkur <b>(9% lækkun)</b>	<b>0,30%</b>	<b>af fasteignamati</b>
Fráveitugjald – A-flokkur <b>(6,25% lækkun)</b>	<b>0,15%</b>	<b>af fasteignamati</b>
Sorphirðu- og sorpeyðingargjald á íbúðir	37.500.-	á tunnu (3% hækkun)
Sorpeyðingar- og gámagjald á sumarhús	14.400.-	á tunnu (3% hækkun)

## Fasteignagjöld á annað húsnæði: B- og C-skattflokkur

Fasteignaskattur – B-flokkur	1,32%	af fasteignamati
Fasteignaskattur – C-flokkur	1,55%	af fasteignamati
Lóðarleiga – B- og C-flokkur	2,50%	af lóðarmati
Vatnsgjald – B- og C-flokkur	0,45%	af fasteignamati
Fráveitugjald – B- og C-flokkur	0,20%	af fasteignamati

Í **A-flokki** eru íbúðir, íbúðarhús, sumarhús, útihús og mannvirki á bújörðum tengd landbúnaði.

Í **B-flokki** eru opinberar byggingar. Í **C-flokki** eru allar aðrar byggingar.

Veittur er afsláttur af **fasteignaskatti** til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem búa í eigin íbúð.

Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs og er hámarksafsláttur kr. 100.000.-

**ATH: tekjumörkin hækka annað árið í röð tölvert milli ára.**

### 100% lækkun

Einstaklingar með heildarárstekjur allt að 4.050.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur allt að 6.300.000 krónur

### 75% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 4.050.001 - 4.450.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 6.300.001 - 6.700.000 krónur

### 50% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 4.450.001 - 4.850.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 6.700.001 - 7.100.000 krónur

### 25% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 4.850.001 - 5.250.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 7.100.001 - 7.500.000 krónur

**Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2019 vegna skatttekna ársins 2018,** þ.e. samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals(reitur 3.10.)

Gjalddagar fasteignagjalda eru 8: 1. febrúar og síðan 1. hvers mánaðar (mars – september)

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga.

Veittur er 3% staðgreiðsluafsláttur ef gjöldin eru greidd í heild sinni fyrir 15. mars 2020.

Hægt er að ganga frá staðgreiðslu með því að draga 3% frá heildarálagningu gjaldanna og leggja inn á banka: 0190-26-4240, kt.: 510694-2449.



# Auglýsing um álagningu fasteignagjalda í Snæfellsbæ 2020

Álagningu fasteignagjalda 2020 er nú að ljúka.

Álagningarseðlar fasteignagjalda fyrir árið 2020 verða sem fyrr **ekki sendir út í pappír**, heldur munu þeir verða aðgengilegir rafrænt í gegnum [www.island.is](http://www.island.is).

Ef óskað er eftir því að fá álagningarseðil sendan, vinsamlegast hafið samband við bæjarritara í síma 433-6900 eða á netfangið [lilja@snb.is](mailto:lilja@snb.is)

Greiðsluseðlar verða heldur **ekki sendir út í pappír** til þeirra sem fæddir eru eftir 1948, nema þess sé sérlega óskað. Ef óskað er eftir því að fá senda greiðsluseðla, vinsamlegast hafið samband í síma 433-6900 eða á netfangið [lilja@snb.is](mailto:lilja@snb.is)

**Greiðsluseðlar eru aðgengilegir rafrænt í heimabönkum einstaklinga og fyrirtækja**

**Gjalddagar fasteignagjalda verða átta, frá 1. febrúar til og með 1. september 2020.** Ef fasteignagjöld eru gerð upp að fullu fyrir 15. mars 2020 fæst 3% staðgreiðsluafsláttur.

Hægt er að greiða fasteignagjöld með boðgreiðslum, og ef þess er óskað, vinsamlegast hafið samband við skrifstofur Snæfellsbæjar sem fyrst.

Lækkun fasteignaskatts á íbúðum elli- og örorkulífeyrispega er reiknuð við álagningu fasteignagjalda. Afslátturinn er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna skv. skattframtali.

**Ekki er þörf á að sækja sérstaklega um þennan afslátt.**

**Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið [lilja@snb.is](mailto:lilja@snb.is) eða hringja í síma 433-6900.**



# Fosshótel Stykkishólmi fær andlitslyftingu

Um þessar mundir standa yfir framkvæmdir á Fosshótel í Stykkishólmi. Töluverð breyting verður á hótelinu þegar framkvæmdunum er lokið.

Framkvæmdirnar hófust í desember og stefnt er að því að þeim verði lokið í maí.

María Bryndís Ólafsdóttir, hótelstjóri, ræddi við okkur um breytingarnar. „Við erum að bæta við 10-11 herbergjum og þá verður stóri salurinn tekinn í gegn sem og andyrið og setustofan. Þetta verður allt nýtt og verður hið glæsilegasta þegar framkvæmdunum er lokið.“

Framkvæmdirnar höfðu áhrif á þorablótið í Stykkishólmi en blótið hefur verið haldið á hótelinu undanfarin ár. Nú fer



blótið hinsvegar fram í íþróttahúsi bæjarins og hefur vinna við að breyta íþróttahúsinu í veislusal staðið yfir undanfarna daga.

## Björgin til Flateyrar




Björgunarbáturinn Björg er á leiðinni í nýtt verkefni á næstu dögum en hún er búin að liggja við bryggju í Rífi síðan síðasta haust þegar annar björgunarbátur kom sem leysti hana af. Til stóð að selja Björgina en það hefur ekki gengið eftir og er þessa dagana unnið að því að standsetja hana og gera klára til að sigla henni vestur á firði, nánar tiltekið á Flateyri þar sem hún verður staðsett í vetur.

Verkefni þetta kemur til vegna þeirrar stöðu sem upp er komin fyrir vestan eftir snjóflóðin fyrr

í mánuðinum. En enginn bátur er lengur til staðar þar sem hægt er að nota sem örugga flóttaleið ef til þess kemur að þjóðvegurinn lokist. Vegna þessa hefur forsætisráðherra orðið við ósk Slysavarnafélagsins Landsbjargar og mun styrkja félagið um hálfja milljón króna til þessa verkefnis.

Það eru félagar í björgunarsveitinni Lífsbjörgu í Snæfellsbæ sem vinna að því að standsetja skipið og munu sigla því til Flateyrar.



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinnsson hdl.  
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
www.fmis.is



## Ekkert banaslys þriðja árið í röð

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) birtu á dögnum skýrslu um öryggi á sjó. Þar kom fram að árið 2019 hafði verið þriðja árið í röð sem ekkert banaslys varð á sjó. Um er að ræða mikið fagnaðarefni enda eðlilega gerð krafa um að allir komist heilir heim.

Seinasta banaslys á sjó varð árið 2016 en það ár fórust tveir menn. Árum án banaslysa hefur blessunarlega farið fjölgandi undanfarið. Það var fyrst árið 2008 sem enginn sjómaður fórst af slysförum og það gerðist einnig árin 2011 og 2014 auk þess sem ekkert banaslys varð árin 2017, 2018 og 2019.

Mikil breyting hefur orðið á

öryggi sjómanna á undanförunum árum og áratugum. Má þar til að mynda nefna Slysavarnaskóla sjómanna, sem stofnaður var árið 1985, sem og aðgerðir stjórnvalda með áætlun um öryggi sjófarenda sem sett var á laggirnar árið 2001. Einnig má nefna fyrirkomulag veiða eftir upptöku aflamarkskerfisins en eftir upptöku þess gátu men valið sjálfir hvenær þeir sóttu sjóinn.

Rithöfundurinn Steinar J. Lúdvíksson hefur lengi skrifað um baráttu sjómanna í ritröðinni „Þrautgóðir á raunastund.“ Hann hefur tekið saman hversu margir dóu af slysförum á sjó á seinustu öld en þeir voru á fimmta þúsund.



**Þann 1. febrúar 2020 eru 90 ár eru liðin frá stofnun Kvenfélagsambands Íslands.**

Við sendum kvenfélagskonunum okkar í kvenfélaginu Hringnum, og kvenfélagskonum um allt Snæfellsnes hamingjuóskir í tilefni dagsins og þökkum góð störf í þágu samfélagsins.



Stykkishólmsbær



Mynd frá innersku kvöldi kvenfélagsins.

## Júlíana - hátíð sögu og bóka Stykkishólmi 2020

Það stefnir í fjölbreytta Júlíönuhátíð sem haldin verður í áttunda sinn dagana 27.-29. febrúar 2020 í Stykkishólmi. Viðfangsefni hátíðarinnar að þessu sinni er: Hin hliðin - fjölbreytileiki lífsins. Hefst hátíðin með fomallegri opnun á fimmtudagskvöldið 27. febrúar í Vatnasafninu.

Á föstudeginum verður dagskrá víðs vegar um bæinn. Eins og áður verður hátíðin í samstarfi við grunnskólann og mun Hildur Knútsdóttir rithöfundur vinna með nemendum eldri deilda að skapandi skrifum. Nemendur munu svo flytja afraksturinn í bókasafninu á föstudagsmorguninn. Einnig munu nemendur lesa upp fyrir eldri borgara á dvalarheimilinu eftir hádegið og sögustund verður fyrir börnin á leikskólanum.

Sýning á verkum nemenda yngri deilda Grunnskólans í Stykkishólmi verður í versluninni

Skipavík. Myndirnar snúa út á götu svo hægt verður að skoða þær á öllum tímum á meðan á hátíðinni stendur. Upplestur verður í Bókaverzlun Breiðafjarðar og boðið verður uppá sögustundir og tónlist í tveimur betri stofum um kvöldið.

Hópur fólks í tengslum við hátíðina les bókina Mánasteinn eftir rithöfundinn Sjón, [Sigurjón Birgir Sigurðsson]. Sjón kemur og hittir leshópin á laugardeginum, hann mun líka halda erindi í gömlu kirkjunni. Þá munu einnig Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur fjalla um maddömu Guðrúnu Sveinbjarnardóttur og Lilja Sigurðardóttir rithöfundur fjallar um verk sín. Á laugardagskvöldið verða svo tónleikar með hljómsveitinni Ylju.

Dagskrá hátíðarinnar er að finna á Facebooksíðunni: Júlíana - hátíð sögu og bóka.



# Vilja flýta hönnun og framkvæmdum á Skógarstrandarveg

Stykkishólmsbær sendi að ósk Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og auk þess 15 ára samgönguáætlun fyrir árin 2020 – 2034. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar lagði á fundi sínum, 12. desember, þunga áherslu á að hönnun og framkvæmdir á vegi 54 um Skógarströnd verði flýtt eins og kostur er þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir við lagningu bundins slitlags við veginn sem fyrst. Þá fól bæjarstjórn bæjarstjóra Stykkishólmsbæjar að koma á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis ítarlegri umsögn um áætlunina.

Þeirri umsögn hefur verið skilað inn og á Jakob, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, bókaða fundi með þingmönnum NV kjördæmis og umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til þess að fylgja umsögninni eftir og leggja enn frekari áherslu á alvarleika málsins. Þá hefur umsögnin einnig verið kynnt fyrir Vegagerðinni.

## Vilja framkvæmdir á fyrsta tímabili áætlunar

Í umsögninni er áhersla lögð á að Skógarstrandarvegur sem skilgreindur stofnvegur hafi það hlutverk að tengja saman byggðir, þar segir m.a. „Þar sem Skógarstrandarvegur er hluti grunnnetsins samkvæmt samgönguáætlun mætti ætla að hann væri forgangsráði við ráðstöfun fjármuna á samgönguáætlun, líkt og markmið hennar kveðna á um, en það endurspeglast hins vegar ekki í fyrirliggjandi samgönguáætlun. Það er því óhjákvæmilegt að gera ekki kröfu um það að fyrirliggjandi samgönguáætlun verði breytt með tilliti til mikilvægis vegarins sem hluta af grunnneti samgöngukerfisins og framkvæmdum verði flýtt þannig að vegurinn komi til framkvæmda á fyrsta tímabili samgönguáætlunar.“ Farið er yfir áhrif vegarins í því ástandi sem hann er í nú á grundvelli byggðasjónarmiða, atvinnusjónarmiða og öryggisjónarmiða. Er það mat Stykkishólmsbæjar að bættar samgöngur í gegnum Skógar-

strönd mun efla byggðir í kringum svæðið og leiða til aukinnar samvinnu milli sveitarfélaga og jafnvel sameiningar sveitarfélaga. Án bættra samgönguáætlunar um Skógarströnd er í raun óraunhæfur kostur að ræða um sameiningar sveitarfélaga á Snæfellsnesi og Dalabyggðar.

## Hæsta slysatíðni

Í nýlegri úttekt Ólafs Guðmundssonar, umferðarfræðings, um Vegamál og umferðaröryggi á Vesturlandi kom fram að Skógarstrandarvegur er annar hættulegasti vegur Vesturlands með hæstu slysatíðnina. „Í ljósi ástands og sívaxandi umferðar er ljóst að umræddur stofnvegur ber ekki lengur þá umferð sem um hann fer og hefur augljóslega beðið bóta lengur en hann þolir.“ – segir í umsögninni og áhersla lögð á mikla umferð ferðamanna um veginn sem margir hverjir sjá þar í fyrsta sinn einbreiða brú. Óhöpp og sly við þessar brýr eru vel þekkt vandamál og eins er vel þekkt að erlendir ferðamenn sem ekki þekkja til séríslenskra aðstæðna lendi í háaska þegar malarvegur tekur við af malbiki. Samkvæmt talningu Vegagerðarinnar fara yfir sumartímam um 400-500 bílar á dag um veginn sem í umsögn er lýst sem krókóttum, mjóum, grýttum veg ríkum af einbreiðum brúm, blindhæðum og öðrum hættum.

## Samstaða ríkir um málið

Í umsögn Jakobs er vitnað í umsagnir fleiri sveitarfélaga, þ.a.m Dalabyggðar, samgöngáætlun Vesturlands, haustþing sambands sveitarfélaga á Vesturlandi og bent á að mikil samstaða ríki um málið. Sveitarfélög á Vesturlandi hafa lagt þunga áherslu á hönnun og langningu bundins slitlags við Skógarstrandarveg. Ástand vegarins hefur verið heftandi fyrir uppbyggingu á Skógarströnd, hvað varðar búsetu og ferðaþjónustu og atvinnulíf. Vegurinn hefur í raun virkað sem hraðahindrun á atvinnuþróun og uppbyggingu á svæðinu, sér í lagi í Dalabyggð, og hefur einnig verið það fyrir fjölmörg fyrirtæki.



Ástandið í dag er óboðlegt og hefur verið lengi.“ – Segir Jakob og bendir á að ástand vegarins hafi mikil áhrif á atvinnulífið þar sem vöruflytningabílar keyri nánast undantekningarlaust ekki um Skógarstrandarveg sökum þess þrátt fyrir að það lengi leið þeirra. Þá er bent á að með fullnægjandi burðarlagi og bundnu slitlagi væri komið í veg fyrir þetta, álagi á

vegum landsins dreift með skynsamlegum og hagkæmum hætti og kolefnisfótspor minnkað svo um munar.

Meðfylgjandi mynd er tekin í október á síðasta ári þegar Borgarverk var að hefja framkvæmdir við uppbyggingu 1,7 km kafla Snæfellsnesvegur frá Blönduhlíð að Ketilsstöðum.

## Töfrandi námskeið á Snæfellsnesi



Einn færasti töframaður landsins, Einar Mikael, hélt skemmtilegt námskeið fyrir krakka á aldrinum 6-12 ára um síðustu helgi

Bæði voru haldin námskeið í Ólafsvík og Stykkishólmi en alls voru 20 börn sem mættu. Að sögn Einars Mikael gekk námskeiðið afar vel og sagði hann börnin á Snæfellsnesinu afar áhugasöm um töfrabrógin. Þetta er í þriðja

sinn sem Einar kemur vestur og heldur námskeið fyrir börn

Einar Mikael hefur verið áberandi í töfrasenunni undanfarin ár. Hann hefur sérhæft sig í því að kenna börnum sjónhverfingar og töfrabróg undanfarin átta ár. Þá hefur hann einnig gefið út töfradót og töfrabækur auk þess sem hann hefur haldið vel heppnaðar sýningar.

# Fækkun áhorfenda á kappleiki á Snæfellsnesi

## Styðjum okkar lið til sigurs!

Þó svo að karla og kvinnalið Snæfells í körfubolta og karlalið Víkings Ó. í knattspyrnu hafi á löngum köflum náð finum árangri á síðustu árum hefur áhorfendum undanfarið fækkað jafnt og þétt. Um er að ræða neikvæða þróun.

Karlalið Snæfells varð Íslandsmeistari árið 2010 og var lengi vel á eftir með gott lið. Liðið leikur nú í næst efstu deild og mæting á heimaleiki liðsins hefur ekki verið mikil undanfarin misseri. Liðið hefur leikið tvo heimaleiki á árinu 2020. Í fyrri leiknum, gegn Hamar, mættu 39 manns samkvæmt tölum frá heimasíðu KKÍ. Um síðustu helgi mættu svo 62 einstaklingar

á leikinn gegn Breiðabliki. Vert er að taka fram að á þeim leik fór líka fram verðlaunaafhending fyrir íþróttamenn ársins hjá HSH.

Enn styttra er síðan kvinnalið Snæfells varð Íslandsmeistari, eða árið 2016. Á fyrsta heimaleik liðsins á árinu, gegn Keflavík, mættu 49 manns. Gegn Skallagrími í síðustu viku mættu svo 66 einstaklingar á leikinn.

Svipuð þróun hefur orðið hjá Víkingi Ó. í knattspyrnunni en liðið leikur í næst efstu deild karla. Liðið lék í deild þeirra bestu sumarið 2017 en þónokkur fækkun hefur orðið á áhorfendafjölda á Ólafsvíkuvelli

síðastliðinn tvö sumur. Á seinsta heimaleik Víkings Ó. síðastliðið sumar, gegn Njarðvík, mættu einungis 84 samkvæmt heimasíðu KSÍ. Til samanburðar má nefna að 355 áhorfendur voru skráðir á seinasta heimaleik Víkings árið 2017 þegar liðið lék í efstu deild.

Auðvitað getur eitt og annað haft áhrif á mætingu á einstaka leiki, svo sem önnur afþreying, veðurfar og gengi liðs svo eitthvað sé nefnt en þó verður ekki litið framhjá því að mæting hefur heilt yfir farið talsvert niðurávið undanfarin ár. Þó það sé vissulega klisja að segja að stuðningurinn úr stúkunni hjálpi liðum að ná

betri árangri er engu að síður mikið til í því. Hvatning skilar sér inn á völlinn og getur gefið liðunum aukakraft.

Það er því um að gera að skella sér á völlinn og styðja þitt lið til sigurs. Velgengni þíns heimabæjarliðs getur verið bæði lyftistöng og góð auglýsing fyrir bæjarfélagið og þú getur lagt þitt af mörkum.

Athygli er vakin á því að við vinnslu fréttarinnar var reynt að skoða fjölda áhorfenda á leikjum kvinnaliðs UMFG í blaki en ekki fengust upplýsingar um þær áhorfendatölur.

## Leiðrétting

Í Jökulsblaði síðustu viku var viðtal við stúlknaðandið MÆK úr Grundarfirði en hljómsveitin hefur verið að gera góða hluti að undanförmu. Þar var einn meðlimur

sveitarinnar, Gréta Sigurðardóttir, í viðtali en fyrir mistök blaðamanns var hún sögð heita Guðný Sigurðardóttir. Við biðjumst hér með afsökunar á þessum mistökum.

## Körfuboltafréttir



Kvinnalið Snæfells vann góðan sigur gegn Skallagrími í Dominosdeild kvenna á dögumum. Lokatölur í leiknum urðu 73-54.

Amarah Coleman var stigahæst í liði Snæfells með 18 stig en hún var að spila sinn fjórða leik fyrir félagið. Þetta var fimmti sigur

Snæfells í deildinni í vetur og liðið því í 6. sæti með 10 stig.

Það gekk ekki alveg jafn vel hjá strákunum í Snæfelli sem keppa í 1. deild karla. Liðið tapaði gegn Breiðabliki í seinasta leik, 111-73.

Anders Adersteg var stigahæstur Snæfellinga með 27 stig. Snæfelli er áfram í 7. sæti með 4 stig.

## Þrjár úr Ólafsvík í yngri landsliðin



Knattspyrnustarf í Ólafsvík hefur vakið þónokkra athygli undanfarin ár enda hefur þótt fréttæmt hversu margir leikmenn félagsins ná að spila með yngri landsliðum miðað við stærð bæjarfélagsins.

Alls þrjár stelpur sem stigu sín fyrstu skref í knattspyrnuíðkun hjá Víkingi Ó. hafa verið valdar í yngri landsliðin undanfarin misseri. Sædís Heiðarsdóttir var valin í U-16 ára landsliðið. Sædís, sem nýverið skipti yfir í Stjórnuna, þykir mikið efni en hún var í lykilhutverki hjá 3.

flokki Snæfellsnessamstarfsins sem fór alla leið í undanúrslit Íslandsmótsins í sumar.

Þá eru báðir markverðirnir sem valdir voru í U-17 ára landsliðið úr Ólafsvík en það eru þær Aníta Ólafsdóttir og Aldís Guðlaugsdóttir. Aníta skipti yfir í ÍA á seinasta ári og lék þar með meistaraflokki félagsins en Aldís skipti nýlega yfir í stórlíð Vals. Þess ber að geta að eldri systir Aldísar, hún Birta, þykir einnig efnilegur markvörður og hefur spilað fyrir flest yngri landslið Íslands.



# Landsbankinn er efstur banka í ánægjuvuginni

Ánægja viðskiptavina hvetur okkur áfram til að veita framúrskarandi þjónustu og verða betri banki á öllum sviðum.



ÍSLENSKA  
ÁNÆGJUVOGIN

## Stöðug þróun á netbanka og appi

Við vinnum stöðugt að því að gera stafræna þjónustu betri og uppfylla þarfir og óskir viðskiptavina. Ánægja með netbankann og appið mælist mikil og notkun er enn að vaxa.

94%

Viðskiptavinir sem segjast ánægðir með netbankann.

## Persónulegri og aðgengilegri

Persónuleg þjónusta og ráðgjöf er kjarninn í starfsemi okkar um allt land og sambandið við viðskiptavini leiðarljós í öllu okkar starfi.

96%

Ánægja viðskiptavina með heimsókn í útibú.

## Traustur rekstur til framtíðar

Euromoney valdi Landsbankann besta banka á Íslandi 2019 og benti á að fjárhagsleg afkoma undirstrikaði afburða góða stöðu bankans, einkum hvað varðar skilvirkni og arðsemi.



Besti banki á Íslandi skv. Euromoney.

